

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skelfélagið ehf Eyjafjörður



Dags eftirlits	13.11.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skelfélagið ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnargötu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6503111240	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Víðir Björnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhannes Már Jóhannesson	Staðsetning	528248,89 609516,292

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit, annars vegar hvað varðar skil á grænu bókhaldi og hins vegar rannsóknir á botni undir línunum. Engin athugasemd var gerð í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleydfi, frá 3. maí 2011, með gildistíma til 1. maí 2022 og minnt á skiladaga skv. því.

Rætt var um rannsóknir á sjávarbotni skv. gr. 3.2. í starfsleyfi en þær á að gera á a.m.k. 5 ára fresti. Fyrsta rannsókn átti að fara fram fyrir 3. maí 2012.

Rætt var um spilliefni og mengandi efni. Engin efni eru notuð við ræktunina önnur en kalk sem sett er á línurnar til varnar krossfiski, séu aðstæður þannig og hreinsiefni í vinnslunni sem Matvælastofnun hefur eftirlit með.

Siglt var að kræklingalínunum á svæði sunnan Hríseyjar og fylgst með uppskeringu.

Vinnslan var skoðuð og ferli framleiðslunnar frá því að kræklingur sest á línur þar til hann er kominn í neytendapakkningar.

Frávik frá

gr. 3.2. í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Rekstraraðili skal á a.m.k. 5 ára fresti láta rannsaka sjávarbotn undir línunum þannig að meta megi umhverfisástand hans. Fyrsta mat af þessu tagi skal fara fram innan árs frá gildistöku starfsleyfisins eða 3. maí 2012. Þessi rannsókn hefur ekki farið fram.

gr. 3.3. í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skila grænu gókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi fyrir árið 2011 hefur ekki verið skilað. Rætt var um að því yrði skilað eigi síðar en 15. des nk.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu

ANNAÐ

Viðbragðsáætlun hefur verið skilað.

Rætt var um tryggingar v. bráðamengunar skv. gr. 4.6. í starfsleyfi.

Reykjavík, 18.12.2012

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

